

Til umhverfisstofnunar

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 14. september sl. var tekið fyrir bréf heilbrigðiseftirlitsins varðandi starfsleyfi Rio Tinto í Straumsvík, dags. 9. september sl.

Eftirfarandi var fært til bókar í fundargerð bæjarráðs.

14. 2108194 - Bréf heilbrigðiseftirlitsins varðandi starfsleyfi Rio Tinto í Straumsvík, dags. 09.09.21.

Í bréfinu eru vakin athygli á umfjöllun heilbrigðisnefndar um tillögu að nýju starfsleyfi fyrir álver Rio Tinto á Íslandi hf. í Straumsvík sem er til meðferðar hjá Umhverfisstofnun.

Heilbrigðisnefndin gerir athugasemd við að óbreytt vöktunaráætlun gildi til 2029 og bendir á að leggja þarf fram raunhæft mat á þörf vöktunar á Garðaholti.

Bæjarráð ítrekar bókun frá fundi 20. apríl 2021 og felur bærarstjóra að koma henni á framfæri við umhverfisstofnun.

„Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisnefndar um að nauðsynlegt sé við endurútgáfu á starfsleyfi fyrir Álverið í Straumsvík að bæta vöktunaráætlun vegna flúormælinga í gróðri fyrir svæðið í heild og þar með talið svæðið á Garðaholti.“

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

guðjon@gardabaer.is

www.gardabaer.is

s: 525 8521/820 8521